

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-45/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um endurgreiðslu vöru, sem hann keypti af Y. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi aðeins endurgreitt sér um helming af kaupverði vörunnar, og krefst þess að fá hinn helminginn einnig endurgreiddan.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Upphaf máls þessa má rekja til ákvörðunar Neytendastofu frá 26. apríl sl, í málinu nr. 16/2016. Þar var komist að þeirri niðurstöðu, á grundvelli laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, að nefndum seljanda bæri að afturkalla af markaði barnarúm af tiltekinni gerð. Í ákvörðunarorðum kemur m.a. fram, að með vísan til 2. mgr. 22. gr. umræddra laga fer Neytendastofa fram á að nefndur seljandi endurgreiði kaupendum andvirði hinna innkölluðu rúma og sjái til þess að rúmunum verði eytt. Sem fyrr segir er hér uppi ágreiningur um fjárhæð þeirrar endurgreiðslu. Fær kæruneftndin ekki séð að ágreiningur, sem rís í kjölfar þessar ákvörðunar Neytendastofu, falli undir áður nefnd lög um þjónustukaup, lausafjárkaup eða neytendakaup

Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson